

Fiskeldi Austfjarða hf.  
bt. Jónatan Þórðarson / Ólöf Rún Stefánsdóttir  
Bakka 4  
765 Djúpivogur

Reykjavík, 9. september 2019  
UST201901-257/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 04.07. 2019, hjá Fiskeldi Austfjarða - Fáskrúðsfjörður.**

Þann 4. júní sl. fór fram eftirlit í Fiskeldi Austfjarða, Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Tilkynna þarf stofnuninni hvenær seiði verði sett út með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Rekstraraðili tilkynnti UST ekki um útsetningu seiða í júní sl. með tveggja vikna fyrirvara. **Tilkynnt var 1. ágúst sl. um útsetningu seiða þann 15. ágúst og fráviku telst því lokið.**
2. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda sem unnin er á grundvelli áhættumats sbr. 18. gr. laga 33/2004 skal liggja fyrir. Áhættumat hefur ekki verið gert fyrir starfssemina.
3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Vakta skal helstu umhverfissþætti í nágrenni kvía og skal það gert samkvæmt gildandi vöktunaráætlun. Ekki er starfað í samræmi við gildandi vöktunaráætlun. Nánari útlistun á umfangi er í eftirlitsskýrslu undir *Umfang eftirlits*.
4. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Vöktunaráætlun skal uppfylla skilyrði sem tiltekin eru í gr 5.1 í starfsleyfi. Gildandi vöktunaráætlun uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis. Nánari útlistun á fráviki er undir eftirlitsskýrslu undir *Umfang eftirlits*.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. október, 2019.**

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasdóttir  
Hulda Soffia Jónasdóttir

Gottskálk Friðgeirsson

**Afrít: Heilbrigðisnefnd Austurlands**

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Kvíældi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila: Fiskeldi Austfjarða	Dags. eftirlits: 04.07.2019	Staðsetning stöðvar: Fáskrúðsfirði	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 1
Kennitala rekstraraðila: 520412-0930	Gildistími starfsleyfis: 19.03.2035	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Sjókvíældi, allt að 11 þús tonn af laxi, þar af að hámarki 6000 tonn frjór lax.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Engin framleiðsla var á árinu 2018. Seiði voru sett út júní 2019 á Eyri og setja á út fleiri seiði í júlí og ágúst.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Nýtt starfsleyfi var gefið út í mars sl. Áður var til staðar leyfi fyrir oldi regnbogasilungs.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru góðar. Notast er við Fishtalk, Havbruksloggen og EQS gæðastjórnunarkerfið. Aðskilja þarf skráningar framvegis vegna Fáskrúðsfjarðar og Berufjarðar þar sem um er að ræða tvö aðskilin leyfi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Ársyfirliti var skilað sameiginlega með ársyfirliti Berufjarðar 24. janúar sl. Þar sem enginn fiskur var í Fáskrúðsfirði á vegum FA 2018 tekur hún einungis til Berufjarðar.  Eftirlitsaðili óskar eftir að framvegis verði yfirlitunum skilað sitt í hvoru lagi eða upplýsingar aðskildar í skilum á einhvern annan hátt, þar sem um tvö aðskilin leyfi er að ræða.  Einnig er bent á að yfirlitið skal taka til skráninga og niðurstöður mælinga og að laga megi form skýrslunnar.
Grænu bókhaldi og útstremmisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Útstremmisbókhald barst 4. apríl sl. Grænt bókhald með undirskrift endurskoðanda barst 13. mars sl. Þar sem enginn fiskur var í Fáskrúðsfirði á vegum FA 2018 taka

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíældi

				skilin einungis til Berufjarðar. Eftirlitsaðili óskar eftir að framvegis verði bókhaldinu skilað sitt í hvoru lagi eða staðsetningar aðskildar í skilum á einhvern annan hátt þar sem um tvö aðskilin leyfi er að ræða.	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Gera þarf áhættumat í samræmi við 18.gr laga 33/2004 um varnir gegn bráðamengun hafs og stranda og uppfæra viðbragðsáætlun í samræmi við það og leiðbeiningar eftirlitsaðila.	
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X				
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Neyðaráætlun er til staðar en þarfnað uppærslu.	

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Bent er á að uppfæra megi umhverfismarkmiðin svo þau séu mælanleg. Starfssemin er með Aqua-Gap vottun.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Fóðurtölvar og fóðri blásið frá prömmum. Fóðrun stjórnað í landi og fylgst með hvernig fiskurinn tekur til að hámarka nýtingu fóðurs.
Er skráning á losun fósþors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vört? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Reiknað frá fóðri. Engin fiskur var í sjó á árinu 2018 og því engin losun. Magn fosþors og köfnunarefnis var einnig mælt í sjósýnum fyrir útsetningu.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?	X			Verið er að klára að setja upp myndavélakerfi sem fylgist með neðansjávar.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Kvíældi**

Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?				Tveir dauðir fuglar héngu í netum fyrir ofan kvíar en annan fugl var ekki að sjá. Ekki sást mikill þörungablómi.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			Allar kvíar eru innan svæðis sem kallað er Eyri í nýútgefnu starfsleyfi.
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Búið var að setja út í fjórar kvíar og sú fimmsta tilbúin til útsetninga, Búið var að festa flothingi fimm kvíar til viðbótar.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?		X		<p>Sett var út á Eyri í júní. Útsetningar verða einnig í júlí, ágúst og september. Skv. tölum frá Matvaelastofnun frá maí sl. var áætlaður fjöldi seiða til útsetningar á árinu tæp 1,5 milljón á Eyri.</p> <p>Ekki var tilkynnt um fyrstu útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara og telst það frávik frá gr. 1.2. Tilkynning barst 1. ágúst vegna útsetningar 15. ágúst og frávikinu telst því lokið.</p> <p>Slátrunar- og útsetningaráætlunar liggja ekki fyrir og óskar stofnunin eftir því að fá þær sendar.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X			Fosför og köfnunarefni voru mæld í sjósýnum við grunnsýnatöku 2018.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		X		<p>Dauðfiskur er sóttur daglega úr kvíum og farið með í meltutank á fóðurpramma. Meltan er svo sótt af norsku fyrirtæki sem fer með hana til Noregs og notar í sína framleiðslu.</p> <p>Ef um neyðarslátrun eða massadauða er að ræða umfráum getu meltukerfisins er reynt að frysta fiskinn og nýta í loðdýrafóður eða urða ef fiskurinn er skemmdur eða sýktur. Funi ehf. sorphreinsun sér um móttöku dauðfisks á Djúpavogi til urðunar í Sorpstöð Hornafjarðar á Mel í landi Fjarðar.</p> <p>Íslenska Gámafelagið Fáskrúðsfirði sér um móttöku annars almenns úrgangs.</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Kvældi**

	X			<p>Sýnataka fyrir útsetningu fór fram á árinu 2018.</p> <p>Mat á ástandi svæðis við Æðarsker á að vera í samræmi við ISO 19493.</p> <p>Samkvæmt ISO 12878 skulu sýni tekin á a.m.k. átta sýnatökustöðvum við grunnsýnatöku, þar af a.m.k fjórum á nærsvæði eldis og a.m.k. einni viðmiðunarstöð fyrir hverja eldisstaðsetningu. Við sýnatöku skal samkvæm staðli, auk þess sem nefnt er í vöktunaráætlun, framkvæma mat á botndýrum og lífverum í sýninu og dreifing á stærð agna í seti skal einnig metin við grunnsýnatöku.</p> <p>Skv. starfsleyfi skal vöktunin taka til losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörunga og fuglalíf. Ekki er fjallað um vistfræðilegar afleiðingar í vöktunaráætlun.</p> <p>Skv. skýrslu um mat á umhverfisáhrifum, sem og gildandi vöktunaráætlun stóða til að nota eldisstaðsetninguna Eyri sem varastaðsetningu.</p> <p>Eftirlitsaðili óskar eftir uppfærslu á vöktunaráætlun í samræmi við framangreint. Bent er á að ekki er krafa um skil vöktunarskýrslna fyrr en 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár.</p> <p>Skv. gildandi vöktunaráætlun skal botnset skoðað vandlega m.t.t. lits, þéttleika, lyktar, gasbóla, bakteríumotta. Í vöktunarskýrslu skal gert grein fyrir niðurstöðum, þær túlkaðar og ræddar. Í vöktunarskýrslu vegna grunnsýnatöku 2018 koma ekki fram neinar upplýsingar varðandi ástand sets m.t.t. framangreinds, og umræða og túlkun þeirra niðurstaðna sem fram voru settar ekki mjög ítarleg.</p>
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Athygli er vakin á því að skv. gildandi vöktunaráætlun skal skila niðurstöðum mælinga og skráninga

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Kvíældi**

				fyrir 1. des ár hvert sem mælt er. Niðurstöðum grunnsýnatöku var ekki skilað fyrir 1. des 2018.  Skv. vöktunaráætlun á að taka myndir á botni við Æðarsker í samræmi við ISO 19493 við mat á ástandi svæða. Engar myndir bárust vegna grunnsýnatöku 2018.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.		X		Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?  Er það skv. starfsleyfi?  Hver sér um mælingarnar?		X		Sýnatökuaætlun sem byggð er á útsetningaráætlun vantar, dæmi um svæði 1A og 1B eru ekki tengd við raunsvæði.  Vöktunaráætlunin er unnin af RORUM ehf. í samstarfi við FA. RORUM sér um sýnatöku og Sýni ehf. um efnamælingar á sýnum sem tekin eru.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Farið var í eftirlitsferð í Fáskrúðsfjörð 2017 og staðfest að engin starfsemi var þar í gangi hjá rekstraraðila. Engin frávik komu fram við eftirlitið og engar ábendingar gerðar.

<b>Samantekt:</b>	<p>Nýtt leyfi Fiskeldis Austfjarða var gefið út í mars sl. Eldra starfsleyfi vegna eldis allt að 3000 tonnum á regnbogasilungi á ári, sem gefið var út árið 2018, var fellt úr gildi við gildistöku þess. Ekkert eldi hefur verið í firðinum á vegum FA frá síðasta eftirliti.</p> <p>Skráningar eru góðar, en rekstraraðila er bent á að aðskilja skráningar og skil vegna starfssemi fyrirtækisins í Fáskrúðs- og Berufirði, þar sem um tvö aðskilin starfsleyfi er að ræða.</p> <p>Búnaður og aðstæður virðast hinur ágætustu, sbr. gátlista hér að ofan.</p> <p>Uppfæra þarf viðbragðs og neyðaráætlunar, sem og að skila inn áhættumati vegna hættu á mengun hafs og stranda.</p> <p>Fara þarf yfir starfsleyfi m.t.t. þess hvað skal koma fram í ársskýrslu og vöktunarskýrslum og bæta framsetningu í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.</p> <p>Grunnsýnataka sem fór fram á árinu 2018, var ekki í samræmi við ISO 12878 og ISO 19493 eða vöktunaráætlun fyrirtækisins.</p> <p>Vöktunaráætlun tekur ekki til alls þess sem nefnt er í gr. 5.1, þar með talið ISO staðla 12878 og 19493.</p> <p>Fjögur frávik komu fram við eftirlitið er varða viðbragðsáætlun á grundvelli áhættumats, tilkynningar um útsetningu seiða, að ekki er starfað í samræmi við gildandi vöktunaráætlun, né uppfyllir hún skilyrði gr. 5.1. Tvær ábendingar eru gerðar er varða uppfærslu áætlana.</p>
-------------------	--

**Eftirlit með fiskeldisstöð**

**Kvíældi**

<b>Annað:</b>	Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu. Einnig viðstaddur eftirlitið var Gottskálk Friðgeirsson frá UST.
---------------	---

*Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits 4.7.2019

Ábyrgðarmaður eftirlits Hulda Soffia Jónasdóttir

Fyrirtæki Fiskeldi Austfjarða hf.

Eftirlitsmaður Gottskálk Friðgeirsson

Heimili Nesbala 122

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 520412-0930

Flokkur Fiskeldi

Fulltrúi fyrirtækis Jónatan Þórðarson

ÍSAT nr. 03.21.00

Fulltrúi fyrirtækis Ólöf Rún Stefánsdóttir

Staðsetning

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlitið er varða viðbragðsáætlun á grundvelli áhættumats, tilkynningar um útsetningu seiða, að ekki er starfað í samræmi við gildandi vöktunaráætlun, né uppfyllir hún skilyrði starfsleyfis. Tvær ábendingar eru gerðar er varða uppfærslu áætlana.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Visað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var í vettvangsferð út að Eyri. Í kjölfar þess var fundað á skrifstofu fyrirtækisins í Djúpavogi. Farið var yfir kröfur í nýju starfsleyfi, úrgangsmál, umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi og uppsetning vöktunarskýrslna var rædd.

Nánari úlistun á frávikum frá gr. 5.1 í starfsleyfi:

Samkvæmt gildandi áætlun skal botnset skoðað vandlega m.t.t. lits, þéttleika, lyktar, gasbóla, bakteríumotta og myndir teknar á botni við Æðarsker í samræmi við ISO 19493. Í áætluninni kemur einnig fram að niðurstöður mælinga, túlkun á þeim og umræða komi fram í ársskýrslu sem verði send eftirlitsaðila fyrir 1. desember ár hvert sem mælt er. Niðurstöður þessara mælinga hafa ekki borist stofnuninni vegna grunnsýnatöku 2018, vöktunarssýrsla vegna sýnatökunnar barst í janúar 2019 og ekki fer mikil fyrir túlkun eða umræðu um niðurstöður í henni.

Vöktunaráætlun skal vera í samræmi við ISO staðla 12878 og 19493 og líffræðilegir og eðlisefnafræðilegir gæðabættir vaktaðir. Einig skal vaka dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og viðstfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörunga og fuglalíf. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Sú vöktunaráætlun sem eftirlitsaðili hefur undir höndum uppfyllir ekki að fullu þau skilyrði sem sett eru fram í ISO staðli 12878, t.d. m.t.t. vöktunarþáttu, fjölda sýnatökustöðva við grunnsýnatöku né mats á umhverfissástandi sjávarbotns og ekki er fjallað um vistfræðilegar afleiðingar losunar mengunarefna til viðtaka.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Tilkynna þarf stofnuninni hvenær seiði verði sett út með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Rekstraraðili tilkynnti UST ekki um útsetningu seiða í júní sl. með tveggja vikna fyrirvara. Tilkynnt var 1. ágúst sl. um útsetningu seiða þann 15. ágúst og fráviku telst því lokið.

Gr. 2.5 í starfsleyfi

Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda sem unnin er á grundvelli áhættumats sbr. 18. gr. laga 33/2004 skal íggja fyrir. Áhættumat hefur ekki verið gert fyrir starfssemina.

Gr. 5.1 starfsleyfi

Vakta skal helstu umhverfissþætti í nágrenni kvía og skal það gert samkvæmt gildandi vöktunaráætlun. Ekki er starfað í samræmi við gildandi vöktunaráætlun. Nánari úlistun á umfangi er undir Umfang eftirlits.

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Vöktunaráætlun skal uppfylla skilyrði sem tiltekin eru í gr 5.1 í starfsleyfi. Gildandi vöktunaráætlun uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis. Nánari úlistun

á fráviki er undir Umfang eftirlits.

## ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili óskar eftir uppfærslu neyðaráætlunar.

Einnig er bent á að gott er að við uppfærslu áætlana sé sett á þær útgáfunúmer og dagsetning.

## ANNAÐ

Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, í þóum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.09.2019

Hulda S. Jónasdóttir  
Hulda Soffia Jónasdóttir

bls. 4